

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

142. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 27. mars kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Styrkbeiðni frá Kvenfélagasambandi S.-Þing:
3. Fjallsgerði – nýtt rekstrarleyfi:
4. Stórutjarnaskóli – endurnýjun á rekstrarleyfi:
5. Erindi frá Haraldi Bóassyni:
6. Erindi frá Ólafi Arngrímssyni:
7. Erindi frá Guðmundi Vilhjálmsyni:
8. Umf. Efling – beiðni um styrk:

Til kynningar:

- a) Umsókn um landsmót UMFÍ 50+ árið 2016:
- b) Umsókn um unglingslandsmót UMFÍ árið 2017:
- c) Fundargerðir 159. og 160. fundar stjórnar HNE:

Mætt: Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ásta Svavarsdóttir og Eiður Jónsson í forföllum Ólínu Arnkelsdóttur auk Margrétar Snorradóttur sem ritaði fundargerð.

1. **Fundarsetning:**
Oddviti setti fund.

2. Styrkbeiðni frá Kvenfélagasambandi Suður -Þingeyinga:

Fyrir fundinum liggur erindi frá Sif Jónsdóttur f.h. Kvenfélagasambands Suður-Þingeyinga dags. 5. febrúar þar sem óskað er eftir styrk til greiðslu fasteignagjalda vegna Húsmæðraskólans á Laugum, þ.e. af þeim hluta sem er í eigu Kvenfélagasambandsins. Heildargreiðsla fasteignagjalda er kr. 271.310,-

Sveitarstjórn samþykkir erindið.

3. Fjallsgerði – nýtt rekstrarleyfi:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 10. mars s.l. þar sem Ketill Indriðason sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistinga í Fjallsgerði í Aðaldal.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

4. Stórutjarnaskóli – endurnýjun á rekstrarleyfi:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 10. mars s.l. þar sem Ólafur Arngrímsson f.h. Stórutjarnaskóla sækir um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistinga og veitingu veitinga fyrir Stórutjarnaskóla í Ljósavatnsskarði.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfisins fyrir sitt leyti.

5. Erindi frá Haraldi Bóassyni:

Fyrir fundinum liggur erindi frá Haraldi Bóassyni dags. 10. mars s.l. Í erindinu greinir Haraldur frá fyrirhuguðu landsmóti Sambands íslenskra harmónikuunnenda 2014 sem halda skal fyrstu helgina í júlí nú í sumar á Laugum en hann hefur verið beðinn af mótshöldurum að sjá um tjaldstæði. Gert er ráð fyrir um eitt þúsund gestum sem þurfa aðstöðu á tjaldsvæði. Sveitarfélagið hefur nú þegar gefið SÍHU viljrði fyrir að nota land sveitarfélagsins vegna landsmótsins, þ.e. túnsvæði niður við Reykjadalásá, sem áður voru knattspyrnuvöllir á unglíngalandsmóti UMFÍ 2006. Haraldur óskar eftir viðræðum við sveitarfélagið um leigugjald þessa tilteknu helgi sem og að sveitarfélagið komi fyrir rotþró og vatnslögnum á fyrrgreindu landi.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og varaoddvita að taka upp viðræður við Harald.

6. Erindi frá Ólafi Arngrímssyni:

Fyrir fundinum liggur erindi frá Ólafi Arngrímssyni, dags. 20. mars s.l. þar sem hann óskar eftir því að sveitarstjórn þrýsti á um að mat og eftirlit með snjóflóðahættu í Ljósavatnsskarði verði eflt og framkvæmt með markvissum hætti.

Sveitarstjórn þakkar erindið og tekur undir mikilvægi þess að efla eftirlit með snjóflóðahættu í Ljósavatnsskarði. Í byrjun febrúar sendi sveitarstjóri inn erindi til snjóflóðavaktar Veðurstofunnar þar sem óskað var eftir því að umræddu svæði yrði komið í formlega vöktun og mun sveitarstjóri fylgja málinu eftir. Eins felur sveitarstjórn sveitarstjóra að taka upp viðræður við Vegagerðina vegna hjáleidarinnar sunnan Ljósavatns.

7. Erindi frá Guðmundi Vilhjálmsyni:

Tekið fyrir erindi frá Guðmundi Vilhjálmsyni frá 19. 03. 2014. Þar fer GV. fram á að Þingeyjarsveit kanni hvort fyrirtækið Teikn á Lofti, ráðgjöf og hönnun, sem mun sjá um skipulagsvinnu fyrir Aurora Observatory standist 15. grein innkaupareglna Þingeyjarsveitar, enda varði téðar innkaupareglur innkaup á vörum, þjónustu og verkum og varði allar stofnanir, svið og deildir Þingeyjarsveitar.

Sveitarstjórn þakkar bréfið en bendir á að Innkaupareglur Þingeyjarsveitar gilda ekki fyrir Aurora Observatory sem er ekki hægt að skilgreina sem stofnun, svið né deild Þingeyjarsveitar. Aurora Observatory er sjálfseignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá skv. lögum nr. 19/1988 og ber sjálf ábyrgð á skuldbindingum sínum.

8. Umf. Efling – beiðni um styrk:

Fyrir fundinum liggur beiðni um styrk frá Krístrúnu Kristjánsdóttur f.h. Umf. Eflingar vegna ársþings HSP sem haldið var í íþróttahúsinu á Laugum þann 23. mars s.l. Efling sá um undirbúning og kostnað vegna þingsins.

Sveitarstjórn hafnar erindinu en bendir á að opið er fyrir umsóknir um styrki til íþróttar og æskulýðsmála hjá Félags- og menningarmálanefnd.

Til kynningar:

- a) Umsókn um landsmót UMFÍ 50+ árið 2016:
- b) Umsókn um unglíngalandsmót UMFÍ árið 2017:
- c) Fundargerðir 159. og 160. fundar stjórnar HNE:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.14:30

Eiður Jónsson

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Ásta Svavarsdóttir